

Talsímaþjónusta Símans - skilmálar

1. Almenn

Skilmálar þessir gilda um talsímaþjónustu (hér eftir „þjónustan“) sem Síminn kann að veita viðskiptavinum sínum. Símkærfislausnir sem ætlaðar eru fyrir lögaðila til notkunar falla ekki undir skilmála þessa.

Sá aðili sem kaupir og skráir sig fyrir þjónustunni er viðskiptavinur Símans og er hann réttshafi þjónustunnar. Með kaupum á þjónustunni, og við virkjun hennar í fyrsta sinn, undirgengst viðskiptavinur skilmála þessa. Viðskiptavinur skal tryggja að aðilar sem noti þjónustuna, geri það í samræmi við skilmála þessa. Viðskiptavinur ber ábyrgð á allri notkun þjónustunnar sem og greiðslum vegna hennar.

Skilyrði þess að geta keypt þjónustuna er að viðskiptavinur hafi náð 18 ára aldri.

Viðskiptavinur skal kynna sér vandlega skilmála þessa áður en notkun hefst á þjónustunni, en samþykki skilmálanna er forsenda þess að viðskiptavinur megi og geti notað þjónustuna. Óski viðskiptavins eftir hliðrænu afriti af skilmálum þessum skal slíkri beiðni beint til Símans.

Skilmálar þjónustunnar, eins og þeir eru hverju sinni, eru birtir á www.siminn.is.

Almennir viðskiptaskilmálar gilda þar sem ákvæðum þessara sleppir. Stangist ákvæði þeirra og ákvæði þessara skilmála á, skulu ákvæði þessara ganga framár.

Verð fyrir þjónustuna kemur fram í verðskrá eins og hún er á hverjum tíma.

2. Nýskráning og flutningur

Eftir að þjónusta hefur verið pöntuð reynir Síminn ávallt að tengja viðskiptavin eins fljótt og auðið er. Nýtenging getur þó tekið allt að 14 virka daga. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna getur nýtenging tekið lengri tíma.

Viðskiptavini stendur til boða að færa símanúmer úr hefðbundinni talsímaþjónustu yfir í nettengda talsímaþjónustu eða talsímaþjónustu án nettengipunkts.

Viðskiptavinur er sjálfur ábyrgur fyrir því að upplýsa um breytingar á staðsetningu símtækis, t.d. vegna staðsetningarþjónustu neyðarlínu.

Upphaf þjónustunnar miðast við þann tíma er þjónustan verður virk og greiðir viðskiptavinur fyrir þjónustuna frá þeim degi.

3. Þjónustan

Viðskiptavinur ákveður sjálfur eða í samráði við þjónustufulltrúa Símans hvað áskriftarleið hentar hverju sinni. Eftirfarandi talsímaþjónustur falla undir skilmála þessa:

- Nettengd talsímaþjónusta (VOIP) – þjónusta sem gerir viðskiptavini kleift að hringja úr talsímatæki, sem er t.d. tengt við netbeini, yfir í aðra talsíma eða farsíma, sem og taka við símtölum.
- Talsímaþjónusta með flökkunúmeri – netsímaþjónusta sem flytja má milli nettengipunkta og nýta til þess að hringja í aðra talsíma eða farsíma, sem og taka við símtölum.
- Talsímaþjónusta án nettengipunkts – þjónusta sem hægt er að geyma símanúmerið í símsstöð Símans sem áframsendir öll innkomandi símtöl í símanúmer valið af viðskiptavini.

Símkærfislausnir sem ætlaðar eru fyrir lögaðila til notkunar falla ekki undir skilmála þessa.

Viðskiptavinur þarf að hafa virkan aðgang að heimtaug til að geta nýtt sér talsímaþjónustu Símans. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að tryggja að heimtaug sé virk. Lokun á heimtaug vegna uppsagnar eða vanefnda viðskiptavinar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu viðskiptavinar fyrir talsímaþjónustu.

Gæði þjónustunnar eru ávallt háð gæðum heimtaugar, fjarlægð frá símsstöð, búnaðar viðskiptavinar og álags á línu eða gæði nettengingar þegar talsímaþjónusta er um VOIP.

Síminn getur skipulagt tímabundið rof á þjónustu viðskiptavinar vegna uppfærslna, viðgerða og viðhalds, Síminn skal gæta þess að það raski þjónustu viðskiptavinar sem minnst

Síminn ber ábyrgð á rétttri virkni talsímaþjónustunnar. Síminn ber ekki ábyrgð á tæknilegum atriðum sem snúa eingöngu að búnaði viðskiptavinar eða þriðja aðila.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á virkni og gæðum fjarskiptalagna sem tengjast við húskassa og í símainntak viðskiptavinar.

4. Innifalin notkun þjónustu

Innifalin notkun og kjör eiga aðeins við um innlenda notkun, nema annað sé tekið fram.

Hringiflutningur, hvort sem er í fastlínu eða farsímakerfi, er alltaf gjaldfærður og aldrei hluti af innifalinni notkun eða kjörum, nema annað sé tekið fram.

Innifalin notkun og kjör eiga einungis við um hefðbundin símtöl en ekki, sem dæmi: símtöl í yfirgjaldsnúmer, fundasíma, internetnúmer, stutt númer o.s.frv.

Vinna sem getur stofnast til vegna uppsetningar á tengingu eða vegna endabúnaðar hjá viðskiptavini er ekki innifalin í áskriftarverði þjónustunnar.

Síminn innheimtir gjald fyrir símtöl í erlend símanúmer, hvort sem um er að ræða farsíma eða talsíma skv. gildandi verðskrá hverju sinni.

5. Áskriftir og breytingar

Línan/heimtaugin sem liggur frá símstöð til heimilis viðskiptavinar er ekki hluti áskriftar vegna talsímaþjónustu hjá Símanum.

Viðskiptavinur getur gert áskriftarbreytingar á þjónustunni í verslunum, þjónustuveri og þjónustuvef Símans.

Síminn áskilur sér rétt til að breyta áskrift viðskiptavinar ef áskrift er tekin úr sölu. Ekki skal framkvæma breytinguna fyrr en búið er að tilkynna hana til viðskiptavinar.

6. Greiðslur og vanskil

Viðskiptavinur ber ábyrgð á að greiða fyrir alla notkun og mánaðargjöld þjónustunnar, að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* um reikninga, greiðslur og vanskil fyrir þjónustuna.

7. Uppsögn

Ákveði viðskiptavinar að segja þjónustunni upp eða flytja hana annað greiðir hann fyrir þjónustuna út þann mánuð sem henni er sagt upp í. Uppsögn þjónustu skal berast með sannanlegum hætti fyrir

mánaðarmót og tekur gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að uppsögn berst.

Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* um uppsögn.

8. Annað

Um þjónustuna og skilmála þessa gilda íslensk lög og skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur. Neytendur geta leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar rísi ágreiningur um viðskiptahætti og/eða markaðssetningu Símans í tengslum við veitingu þjónustunnar.

9. Gildistími

Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum eða verðlagningu þjónustunnar, einhliða með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara. Verða slíkar breytingar tilkynntar viðskiptavini með nægilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og gilda frá 1. mars 2024 og til þess tíma er nýir skilmálar taka gildi.